

Sýnataka á skeldýrum (kræklingur, kúfiskel, ígulker) vegna greiningar á þörungaeitri

Tilgangur: Að leggja mat á heilnæmi skeldýra með tilliti til þörungaeiturs.

EFNI OG ÁHÖLD

- Polyethylene plastpokar eða plastbox
- Límmiðar
- Vatnsheldur tússpenni
- Sýnatökuseðill
- Kælimottur
- Kælibox eða frauðplastskassi

SÝNATAKA OG MEÐHÖNDLUN SÝNA

1. Sýni af villtum skeldýrum (krækling, kúfiskel, ígulkerum) skal taka frá stað sem er einkennandi fyrir þann hluta veiðisvæðisins þar sem uppskera er fyrirhuguð.
2. Sýni af lifandi kræklingum frá ræktunarsvæði með ræktunarböndum / ræktunarsokkum skal taka þannig að hvert sýni verði einkennandi fyrir þann hluta ræktunarsvæðisins þar sem uppskera er fyrirhuguð. Hvert sýni skal vera einkennandi fyrir alla lengd línunnar, þ.e taka skal skel frá mismunandi stöðum á línunni.
3. Til greiningar á ASP, PSP og DSP skal hvert sýni vera minnst:
 - a. Kræklingur / kúfiskel: 2-3 kg með skel, eða 150 g af kjöti.
 - b. Ígulker 30-40 stk. þannig að 150 g fái af ætilegum hluta.
4. Sýnataka skal framkvæmd á þann hátt að hægt er að sjá hvar sýni eru tekin. Merkja skal sýni með auðkenni / númeri (Samþykkisnúmer / uppskerusvæði / dags. sýnatöku)
Dæmi: A003 / Vík / 13.5.22
Ef fleiri en 1 sýni er tekið, er raðnúmeri bætt við aftast. Neðangreindar upplýsingar ásamt auðkenni sýnis eiga þá að koma fram á sýnatökuseðli.
 - a. Auðkenni sýnis / merking
 - b. Tegund skeldýra
 - c. Sýnatökudagur
 - d. Nafn framleiðslusvæðis og staðsetningarhnit sýnatökustaðar
 - e. DSP, PSP og ASP eftir því sem við á. Ákvörðun um rannsóknarpætti skal tekin í samráði við MAST.

Sendið sýnatökuseðil í tölvupósti skeldyr@mast.is og mun MAST þá hafa samband við rannsóknastofu og láta vita að sýni er á leiðinni.

5. Sýni af lifandi skeldýrum skal, þar til kjötið er tekið úr skelinni geyma þannig að skelin haldist lifandi. Sé skelfiskurinn sendur í skel skal honum pakkað í tvöfaldan plastpoka eða plastdósir og hann frystur.
6. Ef kjöt er tekið úr skelinni, skal hita skelina svo hún opnist. Hitið í sjóðandi vatni í 30 sek eða þar til skelin opnar sig. Gætið fyllsta hreinlætis. Sýni af skelfiskskjöti, skal sett í plastpoka eða í plastdósir og frysta og geyma frosið þar til það er sent af stað. Hægt að geyma kælt svo framarlega sem þess sé gætt að holdið rotni ekki.

SENDING SÝNA

7. Sýni af skelfiskkjöti / skeldýrum í skel skal pakkað og sent á þann hátt að það sé ferskt og óskemmt við komu á rannsóknarstofu. Frysta skal sýnin áður en þau eru send af stað. Athugið að hafa skal góða kælingu á sýninu. Setjið kælimottur með. Sýnatökuseðill skal fylgja með sýninu.
8. Senda skal sýni eins fljótt og hægt er á rannsóknastofu sem MAST tilgreinir sbr. hér að neðan:

Sýni til greiningar á ASP, DSP og PSP sendist til:

Matís
Vínlandsleið 12
113 Reykjavík
s.422-5000

eða,

Sýni til greiningar á ASP, DSP og PSP sendist til:

Eurofins Food & Feed Testing Sweden AB
Sjöhagsgatan 3,
Infart via Sockerbruksgatan 3, Port 2,
531 40 Lidköping
SWEDEN
Phone: +46 10 490 8342